

KIRKJUGARÐARÁÐ

53. fundur haldinn 18. júní 2007 á skrifstofu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins.

Gestur: Hjalti Zóphóníasson skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu var viðstaddur 2. lið, kynningu á umsóknum um styrki.

Fundurinn hófst með hádegisverði á skrifstofu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma í Fossvogi kl. 12:00.

Að hádegisverði loknum var sýnd kynningarmynd um starfsemi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og Þórsteinn fór yfir þær framkvæmdir sem eru í gangi hjá KGRP og einnig fyrirhugaðar framkvæmdir.

Síðan var farið í skoðunarferð og byrjað á að skoða uppbyggingu nýs duftgarðs í Sóllandi í Fossvogi sem fyrirhugað er að vígja í lok sumars 2009.

Því næst skoðuð aðstaðan í nýjum kirkjugarði í Leirdal í Kópavogi er vígður var í ágúst á síðasta ári og nefndur Kópavogskirkjugarður. Að lokum var skoðað nýtt þjónustuhús í Grafarvogskirkjugarði undir leiðsögn forstöðumanns garðsins, Heimis Bj. Janusarsonar. Er hér um að ræða fyrsta áfanga sem felur í sér byggingu á tveimur hæðum, 270 m² að grunnfleti auk rafbílageymslu og geymslurýmis. Ferð lauk kl. 16:00.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið klukkan 16:00.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari